

Kviðsjárspeglun

Aðgerðin er gerð í svæfingu með aðstoð kviðsjár gegnum lítil skurðop á kviðvegnum. Útskrift er áætluð samdægurs.

Blóðþynningarlyf

Ef breyta eða stöðva þarf blóðþynningarmedferð fyrir aðgerð er það gert í samráði við skurðlækni.

Náttúru- og fæðubótarefni

Ráðlagt er að hætta notkun allra náttúru- og fæðubótarefna tveimur vikum fyrir aðgerð þar sem þau geta aukið hættu á blæðingu í aðgerð og haft áhrif á verkun lyfja sem notuð eru við svæfingu. Óhætt er að taka áfram inn fjölvítamín og steinefni.

Tóbaksnotkun

Reykingar, nef- og munntóbaksnotkun hafa áhrif á bata eftir skurðaðgerð og geta seinkað því að sár grói og aukið hættu á fylgikvillum aðgerðar. Því er mikilvægt að hætta tóbaksnotkun fyrir aðgerð og vera tóbakslaus í að lágmarki tvær vikur eftir aðgerð. Þeir sem nota tóbak eru hvattir til að hætta og geta fengið aðstoð hjúkrunarfræðings og eftirfylgni í 12 mánuði eftir aðgerð hjá „Ráðgjöf í reykbindindi“. Starfsmaður spítalans hefur þá samband við ráðgjafarþjónustuna en eins má hringja í gjaldfrjálsa símanúmerið 800 6030.

Einnig er bent á www.reyklaus.is.

Undirbúningur fyrir aðgerð

Símaviðtal vegna svæfingar

Svæfingahjúkrunarfræðingur hringir í sjúkling nokkrum dögum fyrir aðgerð til að kanna hvort eitthvað er í heilsufarssögu sem þarf að taka tillit til við svæfingu. Einnig gefst þá tækifæri til að spyrja spurninga. Ef frekari rannsókna eða upplýsinga er þörf, er boðað í innskriftarviðtal á spítalanum fyrir aðgerðina.

Í símaviðtalinu verður spurt um:

- Fyrri reynslu af svæfingum
- Ofnæmi eða óþol fyrir lyfjum
- Hæð og þyngd
- Áfengisneyslu og reykingar
- Gervitennur og tannbrýr
- Heilsufar og sjúkdóma
- Lyfjanotkun, þar á meðal notkun náttúrulyfja og fæðubótarefna

Gott er að hafa lyfjalista við höndina, því í símtalinu eru veittar upplýsingar um hvaða lyf má taka fyrir aðgerðina. Sum lyf er óskilegt að taka fyrir svæfingu. Ef vandamál hafa komið upp eftir fyrri svæfingar, til dæmis miklir verkir, ógleði eða uppköst, er mikilvægt að segja frá því.

Kvöldið fyrir aðgerð**Fasta**

Nauðsynlegt er að fasta fyrir aðgerð til að minnka hættu á fylgikvillum í tengslum við svæfingu. Löng fasta er þó ekki góð fyrir líkamann og fólki liður betur eftir aðgerð ef eftirfarandi leiðbeiningum er fylgt:

- Fá sér aukabita eða drykk áður en lagst er til svefns kvöldið fyrir aðgerð.
- Ekki má borða mat síðustu 6 klst. fyrir komu á spítalann.
- Óhætt er að drekka tæra drykki (1-2 glös í senn) þar til 2 klst. eru í komu á spítalann. Tær drykkur er t.d. vatn, tær ávaxtasafi og mjólkurlaust kaffi og te.
- Þegar á spítalann er komið veitir starfsfólk upplýsingar um hvort og hve lengi megi drekka fram að aðgerð.
- Ekki má nota tóbak síðustu 2 klst. fyrir komu á spítalann.

Fylgd heim

Gera þarf ráð fyrir að fá fylgd heim, því ekki má aka bíl fyrr en daginn eftir svæfingu. Eins þarf að hafa einhvern hjá sér fyrstu nóttina eftir aðgerð til öryggis. Hægt er að óska eftir dvöl á sjúkrahóteli ef þörf er á.

Annar undirbúningur

Við innlögn er gott að hafa með sér þægileg föt og afþreyingarefni. Nota má farsíma en stilla þarf á hljóðlausa hringingu.

Aðgerðardagur

Sturta

Nauðsynlegt er að fara í sturtu áður en komið er á spítalann og þrifa naflann með bómullarpinna. Klæðast þarf hreinum fótum eftir sturtuna og ekki má nota svitalyktareyði, krem, andlitsfarða, ilmefni, naglalakk eða skartgrip.

Mæting er á dagdeild 13D á 3. hæð Landspítala við Hringbraut, að morgni aðgerðardags. Hafa þarf með öll lyf sem tekin eru daglega. Ekki má taka inn eigin lyf án samráðs við lækni eða hjúkrunarfræðing.

Fyrir aðgerðina þarf að vera búíð að undirrita samþykki fyrir aðgerð og svæfingu. Óvæntar aðstæður geta valdið því að aðgerðartími breytist. Til að tryggja öryggi er endurtekið spurt um mikilvæg atriði svo sem nafn, kennitölu, ofnæmi, föstu og tegund aðgerðar. Fyrir aðgerðina eru gefin verkjalyf í töfluformi sem verka í og eftir aðgerð. Þegar komið er á skurðstofu fer fram frekari undirbúningur fyrir aðgerðina. Settur er æðaleggur í handarbak eða handlegg og er hann notaður til að gefa innrennslisvökva, svæfinga- og/eða verkjalyf. Aðgerðin er gerð í svæfingu og tekur yfirleitt um 60-90 mínútur.

Eftir aðgerð fer sjúklingur á vöknunardeild og síðan aftur á dagdeild. Ef verkir eða ógleði koma fram er mikilvægt að láta vita svo hægt sé að bregðast við því. Eðlilegt er að finna fyrir þreytu og sljóleika fyrst um sinn. Eftir svæfingu getur orðið vart við hálssærindi sem hverfa að jafnaði á 1-2 dögum.

Þvaglát

Eftir svæfingu getur komið fram tregða við þvaglát og því er mikilvægt að reyna að pissa fljótlega eftir komu á deild. Láta þarf vita ef ekki gengur að pissa eða lítið kemur af þvagi.

Eftir aðgerð: • Verkjalyf eru gefin eftir þörfum • Létt máltíð fyrir heimferð • Þvaglát eru nauðsynleg fyrir útskrift	Fyrir útskrift þarf að vera búíð að fá: • Útskriftarfræðslu • Lyfseðil fyrir verkjalyfjum ef með þarf • Endurkomutíma hjá lækni
--	--

Útskrift

Útskrift er áætluð um fjórum klukkustundum eftir aðgerð en einstöku sinnum þarf innlög्न yfir nótt.

Verkir

Þegar aðgerð er gerð með kviðsjá er lofti dælt í kviðarholið en við það getur komið fram erting á þind sem veldur verkjum upp í axlir, en þeir hverfa innan fárra daga. Mikilvægt er að draga úr verkjum eins og kostur er, því verkir geta seinkað bata. Ef verkir eru viðvarandi er æskilegt að taka verkjalyf reglulega yfir daginn, samkvæmt leiðbeiningum. Smám saman er síðan dregið úr töku lyfjanna með því að minnka skammta eða taka lyfin sjaldnar.

Skurðsár

Skurðsár eru saumuð með saumi sem eyðist. Yfir þeim eru litlir límplástrar sem ekki má fjarlægja fyrr en þeir losna sjálfir frá húðinni. Gott er að nota spegil við að skoða sárin en forðast þó alla óþarfa sneringu við skurðsár. Fylgjast þarf með útliti skurðsárs með tilliti til roða, bólgu og vessa. Óhætt er að fara í sturtu sólarhring eftir aðgerð. Ekki er ráðlagt að fara í bað eða sund fyrstu tvær vikurnar eftir aðgerð meðan sárin eru að gróa. Skurðsár eru viðkvæm fyrir sterku sólarljósi í allt að 12 mánuði eftir aðgerð.

Matur og drykkur

Ekki er þörf á að breyta mataræði vegna aðgerðar. Gott er að borða trefjaríka fæðu og drekka vel til að forðast hægðatregðu.

Hreyfing

Hæfileg hreyfing er mikilvæg eftir aðgerð til að flýta fyrir bata. Forðast þarf áreynslu á kvið og líkamsrækt í tvær vikur eftir aðgerð.

Vinna

Það getur verið nauðsynlegt að taka frí frá vinnu í nokkra daga eftir aðgerð, en það fer eftir eðli starfs og liðan. Hægt er að fá veikindavottorð í endurkomutíma hjá lækni.

Kostnaður

Greiða þarf fyrir aðgerð á dagdeild. Verð er samkvæmt gjaldskrá Landspítala.

Hafa þarf samband við dagdeild 13D ef eftirfarandi hættumerki koma fram:

- Verkir minnka ekki við verkjalyf
- Hiti er hærri en 38,5 °C
- Röði, bólga eða gröftur sést við skurðsár

Dagdeild skurðlækninga 13D er opin virka daga kl. 07 til 19, sími 543 7480. Utan þess tíma má hafa samband við skiptiborð Landspítala í síma 543 1000 og biðja um vakthafandi deildarlækni á skurðlækningasviði á Hringbraut.

Sjúklingum og aðstandendum er velkomið að hringja ef spurningar vakna.

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem sínum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis.

Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunnið að verða vitni að eða heyra um aðra sjúklinga.

Landspítali er kennsluspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.

ÚTGEFANDI:
LANDSPÍTALI
SKURÐLÆKNINGASVIÐ
FEBRÚAR 2019
LSH-1989

ÁBYRGÐARMENN:
YFIRLÆKNIR
KVIÐARHOLSSKURÐLÆKNINGA OG
DEILDARSTJÓRI DAGDEILDAR 13D

HÖNNUN:
SAMSKIPTADEILD